

Upplýsingar um filmur og litarefni á rúðum bifreiða.

Sbr. reglugerð um gerð og búnað ökutækja.

Reglugerð

Í 9. gr. reglugerðar um gerð og búnað ökutækja segir um bifreið. “Óheimilt er að þekja framrúðu og hliðarrúður sem eru frammar en bak ökumannssætis í öftustu stöðu að hluta til eða alveg með litarefnum eða plasthimnu.”

Skoðunarhandbók

Í skoðunarhandbók samgönguráðuneytisins segir að framrúða og fremstu hliðarrúður megi vera úr reyklituðu gleri sé það viðurkennt og með slíka merkingu skv. ECE reglu nr. 43 eða sambærilegu. Litaðar filmur eða litarefni sem sett eru á þessar rúður eru hins vegar ekki hluti af viðurkenningu rúðunnar og eru því ekki heimilaðar. Þetta ákvæði gildir um allar bifreiðar.

Aðeins er heimilt að þekja afturrúður og hliðarrúður aftan við bak ökumannssætis í öftustu stöðu að hluta eða alveg með litarefnum eða plasthimnu.